
Ofanflóðavarnir á Norðfirði, Nesgil og Bakkagil

Ákvörðun um matsáætlun

Inngangur

Þann 28. október 2015 barst Skipulagsstofnun tillaga Fjarðabyggðar að matsáætlun vegna ofanflóðavarna við Nesgil og Bakkagil á Norðfirði, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 11.16 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Fjarðabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Gögn lögð fram

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Ofanflóðavarnir á Norðfirði, Nesgil og Bakkagil. Efla hf., október 2015.

Umsagnir bárust frá:

- Fjarðabyggð með tölvupósti dags. 10. nóvember 2015
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 21. nóvember 2015
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 18. nóvember 2015
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. nóvember 2015
- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 6. nóvember 2015

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 25. nóvember 2015.

Umhverfisáhrif

Framkvæmdaraðili kynnir nú samhliða tillögu að matsáætlun fyrir aðrar ofanflóðavarnir á Neskaupsstað, við Urðarbotn og Sniðgil.

Mikilvægt er að við mat á umhverfisáhrifum verði fjallað um samlegðaráhrif núverandi ofanflóðavarna á Neskaupsstað og þeim sem stendur nú til að reisa.

Menningarmínjar

Minjastofnun Íslands leggur áherslu á að fornleifaskráning fari fram á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum áður en framkvæmdir hefjast.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fornleifaskráning hafi farið fram á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum og gerð verði grein fyrir þeiri skráningu, og mögulegum áhrifum framkvæmda á fornleifar, í frummatsskýrslu. Staðsetningar fornleifa og afstaða þeirra til framkvæmdasvæðis verða sýndar á loftmynd.



Hávaði og umferð

Heilbrigðiseftirlit Austurlands leggur áherslu á að þar sem unnið verður mjög nálægt íbúabyggð er mikilvægt að tekið verði tillit til hvíldartíma íbúa hvað varðar hávaða og umferð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tekið verði tillit til þessara ábendinga í frummatsskýrslu.

Ásýnd

Í tillögu Fjarðabyggðar kemur fram að gert sé ráð fyrir að vinna deiliskipulag samhliða endanlegri hönnun garðanna.

Þar sem um er að ræða umfangsmikil mannvirki í byggð er mikilvægt að umfjöllun um ásýnd í frummatsskýrslu taki mið af deiliskipulagsvinnu og endanlegri hönnun mannvirkjanna. Því er æskilegt að vinna deiliskipulags og umhverfismats fari fram samhliða.

Niðurstaða

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Fjarðabyggðar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

- Í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir samlegðaráhrifum með núverandi ofanflóðavörnum og þeim sem til stendur að reisa.

Jafnframt viðhafi framkvæmdaraðili það verklag sem hann kynnti í bréfi dags. 26. nóvember 2015, þar sem hann brást við framkomnum umsögnum.

Reykjavík, 2. desember 2015

Rut Kristinsdóttir

Valur Klemensson